

Fundur í stjórn Prentsöguseturs 20. febrúar 2016

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Heimir Br. Jóhannsson, Þórleifur Friðriksson og Þóra Elfa Björnsson. Fundurinn var haldinn í prentsmiðjunni Guðjónó.

- 1) Formaður setti fundinn. Rætt var um aðalfund félagsins 2016 en hann verður haldinn í húsnæði Grafíu þ. 19. mars kl. 13:30. Haukur upplýsti að Jóhann Páll útgefandi gæti ekki flutt erindi á fundinum, hann yrði erlendis og stakk Haukur upp á Silju Aðalsteinsdóttur í staðinn og var það samþykkt. Stungið var upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra, Stefáni Ólafssyni sem fundarritara, sem skoðunarmönnum reikninga þeim Simon Knight og Ólafi Stolzenwald en þessi embætti hafa verið auð. Þá vantar mann í stjórn fyrir Svanhvíti S. Ólafsdóttur og var stungið upp á Bjargeyju G. Gísladóttur. HMM tekur að sér að tala við þetta fólk.
- 2) Svanur lagði fram reikninga félagsins en minnti á að engir skoðunarmenn væru á þeim. Reikningarnir fengu góðar undirtektir enda í plús.
- 3) Önnur mál. a) Heimir spurði hvar við værum stödd hvað varðaði húsnæði, svo virtist sem húsnæðið á Eyrarbakka væri ekki í sjónmáli og hvað væri þá í boði?
b) Rætt var um Laugarvatn, Ásbrú, hús Prentsmiðju Hafnarfjarðar. Þórleifur sagði laust húsnæði á Hellu eða gamla sláturhúsið, nýtt þak væri á því en vanti hugmyndir um nýtingu þess, er um 1200 fermetrar. Þá lagði Heimir til að byrjað væri með að setja upp litla prentsmiðju einsog þær voru fyrir ca 50 árum
c) Þórleifur hugleiddi hvort hægt væri að fá prentsmiðjur á svæðinu til að verða áskrifendur að styrk til félagsins og voru ræddar hugmyndir um upphæð, ekkert ákveðið en góðar undirtektir við þessu, Þórleifur vinnur áfram með hugmyndina, hann mun einnig tala við Hjálmar Árnason um mögulegt geymslurými á Ásbrú.

Ritari: Þóra Elfa Björnsson